



Mislingar um borð í flugvél Icelandair

Kanadísk yfirvöld staðfestu þann 7. júní síðastliðinn í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina að einstaklingur með smitandi [mislinga](#) hafi verið um borð í flugvélum Icelandair þann 30.5.2018 á leið frá Berlín til Íslands og frá Íslandi til Toronto (FI529 og FI603) þann sama dag. Áður hafði viðkomandi einstaklingur, sem er 22 ára gömul kona, flogið frá Kænugarði til Berlínar en hún veiktist eftir komuna til Kanada

þann 31. maí síðastliðinn. Icelandair, í samvinnu við sóttvarnalækni, sendi farþegum ofangreindra flugvéla nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar. Í þessum leiðbeiningum voru farþegar hvattir til að leita til sinna lækna fram til 20. júní finndu þeir fyrir einkennum sem gætu bent til mislinga, sérstaklega ef þeir væru óbólusettir. Einkenni mislinga koma yfirleitt fram 10-14 dögum eftir smit en að hámarki geta


liðið 3 vikur. Engar tilkynningar bárust til sóttvarnalæknis um mislingasmit innan þessa tímaramma.



Mynd: Af vef Icelandair

Er hættu á mislingafaröldrum á Íslandi?

Á undanförunum árum hafa Íslendingar verið af og til útsettir fyrir smitandi einstaklingum á erlendri grundu og í flugvélum. Enn sem komið er hefur hjarðónæmi vegna bólusetninga gegn sjúkdómnum komið í veg fyrir að hann hafi breiðst út hér á landi. Sóttvarnalæknir fylgist náið með þátttöku barna í bólusetningu með þrígildu bóluefni gegn [mislingum](#), [rauðum hundum](#) og [hettusótt](#) (MMR). Eins og sjá má á mynd 1 hefur nokkuð dregið úr þátttökunni sem er áhyggjuefni ef sá hópur



Mynd 1

Framh. bls. 2

Efni:	bls.
Mislingar um borð í flugvél Icelandair.....	1
Er hættu á mislingafaröldrum á Íslandi?	1
Ný reglugerð um meðferð og flutning á líkum	2
Hópsýking af völdum salmonellu í Íslensku farskipi	2
Kynsjúkdómar	3
Aðgerðir gegn útbreiðslu kynsjúkdóma	4
Aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi.....	4

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

fer stækkandi sem er næmur fyrir þessum sjúkdómum og dregur þannig úr verndandi þætti hjarðónæmisins.

Kerfisvandamál hafa komið í ljós við skráningu í bólusetningagrunn, fyrst og fremst að það gleymist að skrá einstakar bólusetningar sem þó hafa verið gefnar. Unnið er að því að kanna hvort þetta vandamál eigi sinn þátt í dræmari skráningu bólusetninga gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt.

Ný reglugerð um meðferð og flutning á líkum

Ný [reglugerð, nr. 618/2018](#), um meðferð og flutning líka var undirrituð af heilbrigðisráðherra 30. maí síðastliðinn. Reglugerðin leysir af tæplega hálfri aldar gamla reglugerð um sama efni. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma, eitrefna og geislavirkra efna. Reglugerðin gerir ráð fyrir að sóttvarnalæknir birti [verklagsreglur](#) um meðferð og flutning líka sem liggja nú fyrir.

Hópsýking af völdum salmonellu í íslensku farskipi

Allir áhafnarmeðlimir íslensk farskips, 11 talsins, sýktust af völdum iðrakveisu eftir að skipið lét úr höfn í Hollandi í maí síðastliðinn og hélt til Íslands. Veiktust skipverjarnir einn af öðrum þar til skipið kom til landsins. Tveir þeirra voru lagðir inn á sjúkrahús. Sýkillinn *Salmonella typhimurium* ræktaðist frá sjö af 11 áhafnarmeðlimum. Unnið var að rannsókn málsins í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Matvælastofnun, Matís, Sýklafræðideild Landspítala og forstöðumenn skipafélagsins. Ljóst þótti að um matarsýkingu hefði verið að ræða um borð í skipinu en flestir í áhöfninni höfðu ekki farið frá borði í Hollandi. Matarföng höfðu hins vegar verið keypt þar í landi. Sami sýkill ræktaðist úr bernaíse sósu (búin til úr

aðkeyptum eggjum) sem borin var fram með kjöti. Sýkillinn ræktaðist einnig úr reyktu svínakjöti sem var á boðstólnum en talið er að kjötið hafi orðið fyrir krossmengun frá sósunni. Ekki tókst að greina sýkilinn úr eggjum sem voru um borð í skipinu. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins og Matvælastofnun Evrópusambandsins var gert viðvart. Nánari rannsókn á ættgreiningu salmonellunnar var gerð í samvinnu við hollensk heilbrigðisyfirvöld. Niðurstaðan var að þessi stofn tengdist ekki samþærigum *S. typhimurium* stofnum sem hafa verið að greinast í Evrópu um þessar mundir. Þá hefur þessi stofn ekki greinst hér innanlands. Uppruni smitsins er því á huldu.



Mynd: WHO, tengist ekki frétt.



Kynsjúkdómar





Fjöldi tilfella af kynsjúkdómum og HIV-sýkingum fyrstu fimm mánuði ársins 2018 er sem fyrr einkum áberandi hvað varðar lekanda og HIV. Af þeim 55 sem greindust með lekanda þessa fyrstu fimm mánuði var 51 karlmaður (93%). Lekandafaraldurinn er einkennandi fyrir karlmenn sem hafa mök við karlmenn.

Faraldurinn er fyrst og fremst innlendur en 34 (62%) þeirra sem greindust voru íslenskir ríkisborgarar.

Af þeim 16 sem greindust með HIV-sýkingu á þessu tímabili eru 13 af erlendu bergi brotnir. Einn einstaklingur með þekktu HIV-sýkingu greindist með alnæmi sem rekja má til þess að viðkomandi

hafði ekki tekið lyf gegn HIV-sýkingu samkvæmt fyrirmælum.

Það sem af er þessu ári hafa heldur færri greinst með sárásótt en síðustu tvö árin en engin breyting er á fjölda tilfella sem greinast með klamydíu sem er langalgengasti kynsjúkdómurinn.



Aðgerðir gegn útbreiðslu kynsjúkdóma

Eins og greint var frá í [Farsóttufréttum í apríl 2018](#) þá er hafin vinna við aðgerðir sem miða að því að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma. Ljóst er að mikið verk er fyrir höndum við útfærslu allra tillagna starfshópsins og enn ekki ljóst hvenær vinnunni muni ljúka.



Aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Í [Farsóttufréttum í janúar 2018](#) var greint frá opinberum aðgerðum gegn sýklalyfjaónæmi hér á landi í samræmi til tillögur starfshóps frá því í apríl 2017. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að hefja vinnu innan nokkurra ráðuneyta sem miða að því stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Ein megin áhersla þessarar vinnu verður fólgin í að stuðla að skynsamlegum ávísunum sýklalyfja hjá mönnum og dýrum. Sóttvarnalæknir, í samvinnu við heilsugæsluna og Félag íslenskra barnalækna, hefur sent einstaka læknum yfirlit yfir þeirra sýklalyfja-ávisanir á árinu 2017 og hvatt til ávísana í samræmi við opinberar leiðbeiningar, svokallaðar Strama leiðbeiningar. Vonandi mun það leiða til minni notkunar sýklalyfja á árinu 2018.

